

16. maí 1986

493

Nr. 250

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Hornbanka og Reykjafjarðarál.

1. gr.

Frá og með 17. maí 1986 eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem markast af eftirfarandi punktum:

1. 66°19.9'N – 20°35.7'V
2. 66°52.5'N – 20°50.7'V
3. 66°48.6'N – 21°54.3'V
4. 66°26.2'N – 21°36.8'V
5. 66°19.6'N – 21°19.2'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 16. maí 1986.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eyþórsson.

7. maí 1986

AUGLÝSING

Nr. 251

um breyting á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins nr. 207/1986.

Við gjaldskrána bætist nýr kafli, V. kafli, svohljóðandi:

V. GJALD VEGNA VARATENGINGAR.

Eftirfarandi reglur skulu gilda um kostnað við varatengingu þar sem önnur orkuöflun er fyrir hendi. Gjaldtaka miðast við 20 kW aflúttekt.

1.1. Í hverju tilviki fyrir sig skal gera skriflegan samning um tenginguna og frágang hennar. Þann kostnað sem af henni hlýst greiðir notandinn að fullu.

B 50

- 1.2. Hafi viðkomandi ekki verið tengdur við dreifikerfi rafmagnsveitnanna þegar varatengingar er óskað greiðir hann allan kostnað við tenginguna, þ. e. af línulögn, spennu, strengjum o. s. frv.
- 1.3. Notandi greiðir fyrir varatenginguna fast gjald á ári, sem er það sama og lágmarksgjald á marktaxta fyrir 4 kW, óháð orkunotkun. Fyrir hverja kWh sem notuð er skal notandinn greiða samkvæmt almenna taxtanum A1.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 7. maí 1986.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUR

um tollmeðferð sendibifreiða samkvæmt tollskrárnúmeri 87.02.41.

1. gr.

Bifreið telst því aðeins sendibifreið samkvæmt tollskrárnúmeri 87.02.41 að hún sé undir 3 tonnum að burðarþoli, yfirbyggð og gerð til flutnings á varningi og fullnægi að öðru leyti eftirfarandi skilyrðum:

1. Að í bifreiðinni sé aðeins sæti fyrir bifreiðarstjóra og farþega við hlið hans.
2. Að fyrir aftan þessi sæti sé aðeins vörurými með gólfrými sem sé 95 cm eða lengra og í því engin sæti, hvorki föst né laus eða nokkur annar umbúnaður ætlaður til að festa sæti eða annan útbúnað til flutnings á fólki.
3. Að ekki séu gluggar á hliðum bifreiðarinnar fyrir aftan sæti bifreiðarstjóra eða farþega við hlið hans.

2. gr.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt lögum nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numdar reglur nr. 183 24. júní 1974 um sama efni svo og reglur nr. 572/1981 um breyting á þeim og skal kvöðum sem þinglýst kann að hafa verið á bifreiðar í samræmi við þær reglur skilyrðislaust af þeim létt.

Fjármálaráðuneytið, 5. maí 1986.

F. h. r.

Sigurgeir Jónsson.

Sigurgeir A. Jónsson.